

SAGA3ÞS05

Búið til: Thu, 04 Mar 2021 08:50:06 GMT

Titill

Þverfagleg saga

Skammstöfun

SAGA3ÞS05

Útgáfunúmer

45

Námsgrein

saga

Viðfangsefni

þverfagleg saga

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

3

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í áfanganum verður farið í stórum dráttum yfir mannkynsöguna og hún skoðuð á þverfaglegan hátt. Sagnfræði, mannfræði, líffræði, umhverfisfræði, heimspeki og hagfræði hjálpast að við að kynna nemendum fyrir sögu mannsins sem dýrategundar sem hefur þróast og aðlagð sig að sífellt breyttu umhverfi í árpúsunda rás og gerir enn. Auk þess að fá grófa heildarmynd af mannkynssögunni gefst nemendum kostur á að kafa dýpra í valin viðfangsefni sem tengjast þeirra eigin áhugasviðum. Dæmi um lykilspurningar í áfanganum eru: Hvers vegna náði maðurinn svo stóru forskoti á aðrar dýrategundir? Er nútímafólk ánægðara og betur sett en forfeður þess? Eru líkur á því að í næstu framtíð verði til "manneskjur" sem eru svo ólíkar okkur að við getum ekki talist til sömu dýrategundar?

Forkröfur

10 einingar á 2. þrepi í félags- / náttúruvísindum.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- sögu mannsins í víðu samhengi
- mismunandi sjónarhornum hinna ýmsu fræðigreina á mannkynssöguna
- hvernig umhverfisbreytingar hafa mótað manninn, og hvernig maðurinn hefur mótað umhverfi sitt
- hvernig hugmyndaheimur mannsins hefur breyst í aldanna rás
- úrvinnslu gagna og uppsetningu efnis í ýmsu formi

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nýta mismunandi kenningar frá ýmsum greinum til að skoða mannkynsöguna
- afmarka söguleg málefni, greina meginþætti og álitamál og leita eftir mismunandi sjónarhornum
- nýta fræðilegan texta og myndefni til skilnings á fræðilegum hugmyndum og sjónarhornum
- leita samhengis og tengsla milli tímabila, hugmynda, menninga, fræðasviða og umhverfispátta
- miðla skýrt og skilmerkilega fræðilega efni á mismunandi vegu

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- sjá sögu mannkyns í þverfaglegu samhengi
- sjá þróun menningar og umhverfis í hnattrænu samhengi
- beita gagnrýninni hugsun og viðurkenndum aðferðum við að koma skoðunum sínum, þekkingu og skilning á viðfangsefnum áfangans á framfæri á margvíslegan hátt
- sýna frumkvæði og frumlega útfærslu í verkefnavinnu

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati.

Skólar

Fyrirmynd